

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR 2016

VORÖNN 2016



Verkefnisstjóri og höfundur efnis:
Oddný Sen
oddnysen@gmail.com

BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna

1. ROSEMARY'S BABY - ROMAN POLANSKI - 11. JANÚAR KL. 14:15



Ung hjón, Rosemary og Guy Woodhouse, ætla að festa sér húsnaði í New York og finna fallega íbúð í byggingu sem á sér furðulega sögu. Þegar Rosemary verður ófrísk, fer hún að heyra grunsamleg hljóð og óttast að nágrannarnir hafi illt í hyggju gagnvart ófædda barninu.

Myndin var gerð árið 1968 og er enn ein af frægustu hrollvekjum kvikmyndasögunnar.

2. JAGTEN - THOMAS VINTERBERG - 18. JANÚAR KL. 14:15



Eftir erfiðan skilnað er hinn fertugi Lucas búinn að eignast nýja kærustu, fá nýtt starf og er að vinna í því að endurnýja samband sitt við Marcus, son sinn á táningsaldri. En hlutirnir fara úr böndunum. Bara ein athugasemd, tilviljanakennd lygi. Og á meðan snjórinn fellur til jarðar og kveikt er á jólaljósunum, breiðist lygin út eins og vírus. Áfallið og vantraustið magnast og litla samfélagið er allt í einu komið í sameiginlegt móðursýkiskast, á meðan Lucas berst einn fyrir lífi sínu og virðingu (Af vef Norðurlandaráðs).

Myndin hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012.


3. NOSTALGHIA - ANDREI TARKOVSKY - 25. JANÚAR KL. 14:15



Tarkovsky gerði Nostalghiu árið 1983 og var hún fyrsta myndin sem hann gerði í útleð sinni. Myndin segir frá rithöfundi sem ferðast um Ítalíu til að afla heimilda um ævi rússneska tónskáldsins Pavel Sovsnosky, sem hann er að skrifa um, en ferðalagið fer fljótlega að snúast um annað, sér í lagi eftir að hann kynnist dularfullum manni að nafni Domenico...

Kvikmyndin er tekin í Toskana-hæðunum en heimþránni eftir rússnesku heimahögunum er fléttað inn í myndmálið. Lokaatriðið í myndinni er með frægasta samfelldu skoti kvikmyndasögunnar.

4. DIE ANGST ESSEN SEELE AUF - RAINER WERNER FASSBINDER - 1. FEBRÚAR KL. 14:15



Rainer Werner Fassbinder telst til mikilvægustu leikstjóra þýsku nýbylgjunnar en það er stefna í kvikmyndagerð sem leit dagsins ljós seint á sjöunda áratugnum og stóð fram á áttunda áratuginn. Ali: Óttinn étur sálina er talin til bestu verka Fassbinder en hún fjallar um marókóskan innflytjanda á fertugsaldri og konu á sjötugsaldri sem verða ástfangin, en gríðarlegir fordómar gera þeim erfitt fyrir.

5. SILENCE OF THE LAMBS - JONATHAN DEMME - 8. FEBRÚAR KL. 14:15



Clarice Sterling er að ljúka námi við akademíu alríkislögreglunnar og fær það verkefni að fá upplýsingar um geðsjúkan raðmörðingja sem gengur laus og er grunaður um að hafa rænt ungum konum. Til þess þarf Clarice að ræða við Hannibal Lecter, sem var virtur geðlæknir, en situr í fangelsi fyrir morð. Samskipti þeirra verða flóknari en gert var ráð fyrir í upphafi og brátt þarf Clarice að fá alla þá hjálp sem Lecter getur veitt henni.

Lömbin þagna hlaut fimm Óskarsverðlaun árið 1991.

6. LOLITA - STANLEY KUBRICK - 15. FEBRÚAR KL. 14:15



Kubrick gerði Lolitu eftir samnefndri skáldsögu Vladimir Nabokov árið 1962. Humbert Humbert, breskur prófessor í frönskum bókmenntum, er ráðinn við háskóla í litlum bæ í Bandaríkjunum. Hann fær húsnæði hjá Charlotte Haze, sérviturri ekkju sem geymir ösku látins eiginmanns síns á altari í svefnherbergi sínu en leitar fljótt á prófessorinn. Hann er mun hrifnari af dóttur Charlotte, Lolitu, en ekki er allt sem sýnist, sérstaklega þegar svikahrappurinn Clare Quilty blandar sér í málin.

7. THE SKIN I LIVE IN - PEDRO ALMODÓVAR 22. FEBRÚAR KL. 14:15



El piel que habito er frá árinu 2011 og fjallar um lýtalækninn Robert sem fæst við tilraunir á nýrri tegund húðar sem ekki er hægt að brenna eða skaða. Hann segir samstarfsmönnum sínum að hann noti rottur við tilraunirnar, en það er langt frá því að vera satt. Á heimili hans er dularfull ung kona sem virðist vera fangi, en ekki líður á löngu þar til sannleikurinn kemur í ljós. Almodóvar sækir hér í smiðju Frankenstein, en fæst jafnframt við áleitinn temu eins og kynhlutverk og mörkin þar á milli.

8. CRIES AND WHISPERS - INGMAR BERGMAN - 29. FEBRÚAR KL. 14:15



Hvísl og hróp er meistaraverk Ingmar Bergmans frá árinu 1972 og gerist á hefðarsetri þar sem Agnes, ein þriggja systur, liggur fyrir dauðanum. Í ljós kemur að systur Agnesar, Karín og María eiga sér leyndarmál sem koma fram í endurliti en áleitnar spurningar um lífið og dauðann eru krufnar til mergjar að vanda. Uppsetningunni hefur verið líkt við leikhúsuppfærslur Strindberg og Bergman vinnur skemmtilega með liti og sviðsetningu.

9. KILL BILL VOLUME 2 - QUENTIN TARANTINO - 7. MARS KL. 14:15



Kill Bill myndirnar fjalla um Beatrix Kiddo, sem er fyrrverandi meðlimur glæpagengis og dauðasveitar. Hún reyndi að flýja og var þá orðin ólétt eftir höfuðpaurinn Bill, sem skaut hana í höfuðið með þeim afleiðingum að hún féll í dá. Þegar Beatrix vaknar úr dáinu fjórum árum síðar, ákveður hún að leita hefnda.

10. TOUCH OF EVIL - ORSON WELLES - 14. MARS KL. 14:15



Touch of Evil frá árinu 1958 er talin til bestu verka Orson Welles á eftir Citizen Kane. Hún fjallar um mexíkóskan fíkniefnalögrelumann sem er á leið í brúðkaupsferð, en þarf að fresta henni til að rannsaka morð á bandarískum stjórnámálamanni. Hættan leynist við hvert fótmál og ekkert er sem sýnist, enda um spennandi rökkurmynd að ræða.

11. PIANO - JANE CAMPION - 11. APRÍL KL. 14:15



Jane Campion er ein af fáum kvikmyndaleikstjórum sem gerir listrænar kvikmyndir sem höfða til breiðari hópa. Piano gerist á 19. öld og fjallar um einstæða móður sem ferðast til Nýja-Sjálands til að giftast. Hún tekur píanóið með sér, en hún er hæfileikaríkur píanóleikari og kynnist manni sem hefur sest að á meðal frumbyggja. Myndin hlaut Gullpálmann í Cannes en Jane Campion er eini kvenleikstjórinn sem hefur hlotið slík verðlaun.

12. THREE COLORS RED - KRZYSZTOF KIESLOWSKI - 18. APRÍL KL. 14:15



Pólski kvikmyndaleikstjórinn Krzysztof Kieslowsky vakti mikla athygli á níunda og Pólski kvikmyndaleikstjórinn Krzysztof Kieslowsky vakti mikla athygli á níunda og tíunda áratugnum, en hann lést fyrir aldur fram árið 1996. Kieslowsky vann mikið með frönskum leikurum, notaði liti og tákni á ferskan og fagaðan hátt, en þekktustu myndir hans eru vafalítið þríleikurinn Þrír litir: Blár, Hvítur, Rauður eftir frönsku fánalitunum og tákna frelsi, jafnrétti og bræðralag. Þrír litir: Rauður er gerð árið 1996 og segir frá fólki sem myndar tengsl þótt það virðist eiga fátt sameiginlegt. Valentine starfar sem fyrirsæta og þegar hún er á heimleið úr vinnu keyrir hún óvart á hund. Hún fer með hann til dýralæknis og í ljós kemur að eigandinn á sér leyndarmál sem skýrist þegar líður á myndina.

13. TRUE GRIT - JOEL & ETHAN COHEN - 25. APRÍL KL. 14:15



True Grit er gerð árið 2010 og byggð á samnefndri skáldsögu eftir Charles Portis. Í henni segir frá hinni 14 ára gömlu Mattie Ross sem fær Rooster Cogburn í lið með sér til að leita morðingja föður síns. Þetta er í annað skipti sem skáldsagan er kvikmynduð en sú fyrri var gerð 1969 með John Wayne í hlutverki Cogburn. Myndin gefur gott dæmi um gamaldags söguhefð og andrúmsloftið, búningar og sviðsmynd minna á gömlu, klassísku vestrana.

Verkefnastjóri og höfundur efnis: Oddný Sen

oddnysen@gmail.com

